

ÁRSSKÝRSLA ÆSKULÝÐSNEFNDAR ÞYTS



NEFNDIN:

Hallfríður Sigurbjörg Óladóttir formaður

Irina Kamp

Katarina Borg

Matthildur Hjálmarsdóttir

Sigurður Björn Gunnlaugsson.

Um 40 flottir krakkar tóku þátt í Æskulýðsstarfi Þyts þetta árið.

Buðum við upp á Trec námskeið, reiðþjálfun, knapamerki, keppnisþjálfun og hestafimmleika

Vetrarnámskeið í reiðmennsku

Kennarar voru Fanney Dögg Indriðadóttir og Jónína Lilja Pálmadóttir

Knapamerki 2 og 3 – alls voru 5 nemendur að taka mismunandi stig sem enduðu öll með prófi í lok apríl. Allir náðu prófinu og það var almenn ánægja með knapamerkis fyrirkomulagið. Knapamerki er þroskandi námskeið sem kennir knapanum öll grundvallaratriði í hestamennsku og kennir knapanum nákvæmni í reiðmennsku. Kennslan er bæði bókleg og verkleg, kennd samhliða.



Reiðþjálfun: Börn á aldrinum 6-12 ára tóku þátt í þessu námskeiði sem stóð yfir í 10 vikur, kennt einu sinni í viku. Alls voru 9 börn á námskeiðinu og þeim var skipt niður í tvo hópa eftir getu og aldri. Flestir krakkarnir voru með sinn eigin hest á námskeiðinu, en þeir sem áttu ekki hest fengu lánaðan eða leigðan hest sem félagið hjálpaði til við að finna í sameiningu með hesthúsaeigendum á Hvammstanga. Námskeiðið gekk vel og frábært að sjá áhugann hjá krökkunum. Eldri hópurinn einbeytir sér meira að gangtegundum, ásetu og fimi. Við það hefur batnað áseta og stjórnun batnaði í kjölfarið. Það sem samband á milli knapa og hest styrkist einnig þar sem þau læra mikið inn á það hvernig hesturinn brekst við áreitni og umbun. Yngri hópurinn átti fullt í fangi með að stjórna sínum hestum og læra mismunandi reiðleiðir og þrautir. Við förum gjarnan í leiki til að auka áhuga.

Keppnisþjálfun: Alls voru 3 börn sem tóku þátt í keppnisþjálfun en þar er lögð áhersla á að kenna nemendum að þjálfna hestinn sinn rétt ásamt því að kenna þeim góða ásetu og stjórnun á mismunandi gangtegundum. Farið er yfir keppnisfyrirkomulagið og helstu reglur í keppni. Í hverri viku fyrir mót var haldin æfing þar sem farið var yfir prógrammið og krökkunum leiðbeint.

Trec: í vetur héldum við helgarnámskeið í trec. Það voru alls 6 krakkar en alls voru kenndir 4 tímar. Við hjá Þyt settum upp okkar eigið trec mót í vetur og var áhuginn hjá krökkunum mikill en fleiri krakkar tóku þátt á mótinu en komu á námskeiðið. Þetta kveikti upp mikin áhuga og metnað hjá þeim og stefnum við á að halda svona námskeið aftur næsta vetur og líklega að hafa fleiri tíma. Trec reynir á samband miklli knapa og hests og traust þeirra á milli. Trec er mjö þroskandi greyn og krakkarnir læra mikið um sig og hestinn sinn þegar þau takast á við hin ýmsu verkefni.



Mótahald

Haldin voru innanhúsmót í Húnvetnsku liðakeppninni sem krakkar í barnaflokki, unglingsflokki og pollaflokki gátu tekið þátt í, keppt var í trec, tölta T7, tölta T3, fimmgangi og fjörgangi. Einnig var firmakeppni Þyts. Þytskrakkarnir voru einnig dugleg að keppa á fleiri mótum s.s. Skagfirsku mótariðinni (innanhús mót) Einnig sóttu þau úti mót eins og gæðingamót sem var einnig úrtaka fyrir Landsmót, Opna íþróttamóti Þyts, Íslandsmóti í hestaíþróttum og fleiri mótum. Þar stóðu þau sig öll með stakri þrífri og riðu þar úrslit í hinum ýmsu greynum.

Jófimi

Hestafimleikadeildar Hestamannafélagsins Þyts



Starfstími hestafimleikadeildarinnar er frá miðjum ágúst og fram í maí.

Á haustin hefjast æfingar í íþróttahúsinu á Hvammstanga og eru þar einu sinni í viku fram á vorið.

Þar æfa saman börn á aldrinum 4 ára til 15 ára og er þeim skipt í tvo hópa á æfingunum eftir getu, þó þau æfi samt öll saman. Æfingar í íþróttahúsinu eru mjög mikilvægar til

að þjálfra grunnæfingar og getu. Einnig eru þær mjög fjölbreyttar og miðast þær við að byggja upp traust meðal iðkenda.

Helst er hægt að útskýra þetta með því að hestafimleikar byggjast á þríhyrningi sem samanstendur af hestinum, þjálfaranum og krökkunum og allir verða að geta treyst öllum í þessum hóp.

Í janúar færast svo æfingarnar upp í reiðhöll þar sem æft er á hesti.

Síðastliðinn vetur voru þrjár hestar í verkefninu. Tveir hestar voru að staðaldri á hverri æfingu og einn var svo að auki fyrir þá sem voru styttra komnir.

Starfsemi vetrarins.

Auk hinna hefðbundnu æfinga var ýmislegt á döfinni hjá hópnum.

Í fyrsta tímanum hittist hópurinn og horfði saman á þýska bíómynd um samband stúlku og hests og traustið á milli þeirra sem kom þeim báðum til góða.

Í öðrum tímanum gerðum við fimiæfingar og jafnvægisæfingar í sundlauginni.

Þriðji tíminn fór í fjáröflun sem felst í því að safna dósum og selja fyrir starfseminna, við fórum svo aftur eftir áramót í aðra dósasöfnun.

Þessir tímar voru svona óhefðbundnir vegna viðgerðar á íþróttahúsinu sem olli því að við gátum ekki æft þar um tíma.

Eftir þetta voru hefðbundnar æfingar þangað til við fórum í ferð á Sauðárkrók. Þar hittum við aðra krakka úr hestamannafélaginu þar sem fylgdust með æfingum hjá okkur, bæði á tréhestinum og líka á lifandi hesti. Þau fengu líka að prófa æfingarnar og voru mjög áhugasöm um það sem við vorum að gera.

Við vorum tvo daga á Sauðárkróki ásamt foreldrum krakkanna og gistum í hestamannafélagshúsinu þar. Virkilega skemmtileg og vel heppnuð ferð.

Síðasta tímann fyrir jól horfðum við á aðra mynd um sömu stúlku og hestinn hennar.

Eftir jólafri hófust aftur hefðbundnar æfingar.

Í mars fengum við gesti frá Blönduósi. Það voru fimmtán krakkar á aldrinum 4 til 12 ára. Þau komu á laugardegi og voru með okkur í íþróttasalnum fyrst og svo á æfingu á hesti upp í reiðhöll og gistu svo í grunnskólanum. Okkar krakkar voru með þeim um kvöldið fram að háttatíma og allir borðuðu saman og fóru í leiki. Á sunnudeginum var svo aftur æfing á hesti og allir fengu hádegismat saman áður en gestirnir héldu heim á leið.



Í mars fórum við líka á dvalarheimilið á Hvammstanga eins og í fyrra. Yngstu iðkendurnir fengu þetta verkefni og þótti mikið til koma. Enda gerðu þau mikla lukku hjá íbúum dvalarheimilisins. Stefnt er á að hafa þetta árlegan viðburð.

Lokaverkefni vetrarins var þátttaka í reiðhallarsýningu hestamannafélagsins Þyts, Hestar fyrir alla, þar sem



við sýndum. Krakkarnir tóku þátt í opunaratriði sýningarinnar og svo vorum við með okkar atriði sem allir 24 krakkarnir sýndu listir sínar. Á tréhestinum, gólfinu og tveimur hestum. Sumir áhorfendur höfðu á orði að þeir hefðu varla vitað hvert þeir ættu að horfa, því það var svo mikið um að vera á gólfinu. Við skemmtum okkur konunglega.

En starfinu var ekki alveg lokið. Því í júní komu hér krakkar í heimsókn frá Svíþjóð sem eru þátttakendur í alþjóðlegu verkefni sem er kallað Erasmus. Þau komu í heimsókn til okkar í reiðhöllina þar sem var farið saman í leiki og tekin æfing í hestafimleikum.

Margir velta fyrir sér hvernig sé hægt að lýsa þessari starfsemi sem er eðlilega ekki augljóst, þar sem þetta er líklega eina starfandi hestafimleikadeildin á Íslandi.

Í stuttu máli er hægt að segja að þetta sé ekki bara fimleikar á hesti. Heldur mætti frekar líkja þessu við blandaða fjölskyldu. Aldurshópurinn er mjög breiður, getan er mismunandi, hesturinn skilur ekki talað mál en enginn í hópnum getur verið án hinna. Allir geta tekið þátt í því sem við erum að gera því hver fær hlutverk við sitt hæfi.



Önnur skemmtun á vegum félagsins



Í vetur vorum við einig sýning á vegum hestamannafélagsins Þyts „Hestar fyrir alla“ þangað mættu krakkarnir með æfð aftrði. Það er milil spenna að fá að koma fram fyrir framan fjölskyldu og vini og lögðu krakkarnir sig mikið fram til þess að sýna hvað þau hafa lært yfir veturinn.

Kær kveðja Æskulýðsnefnd Þyts.